

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, mánudaginn 23. júní 2014 kl. 12:00 í fundarherbergi á 3. hæð í Gimli.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Sólveig Anna Bóasdóttir, Ástríður Stefánsdóttir, Haraldur Briem og Salvör Nordal.

1. *Fundargerð* síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. *Fjármál – staðan*. Lagt fram yfirlit yfir stöðu stofnunarinnar frá áramótum. Fjárhagurinn er í járnnum í ár en móttframlög vegna aukinna verkefnastyrkja munu ekki koma til fyrr en á næsta ári.
3. Formaður og forstöðumaður gerðu grein fyrir gagnrýni sinni á lífsýnasöfnunina, Útkall ÍE, í vor en talsverð fjölmiðlaumræða varð um málið og blandaðist stofnunin inni málið.
4. Styrkur hefur fengist frá NOS-HS fyrir verkefninu *Population Whole Genome Sequencing: Implications for the Nordic Solidaristic Health Care* eða POP Gen. Verkefnið hefst formlega í haust.
5. *Staða Rannsóknna- og þjónustuverkefni*. Formaður og forstöðumaður gerðu grein fyrir stöðu einstakra verkefna hjá Siðfræðistofnun.
 - a. Lýðræðisverkefnið er um það bil hálfnað. Haldin var málstofa 13. maí og hafinn er undirbúningur á alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin verður í maí 2015 en verkefninu lýkur formlega á því ári.
 - b. NERRI verkefnið er í fullum gangi og hefur Siðfræðistofnun þegar skipulagt tvo viðburði af fjórum á þessu ári. Annars vegar Vísindakaffi í mars og málstofu í Helsinki 10. júní með Norræna samstarfsnetinu í lífsiðfræði.
 - c. Cost – Disaster Bioethics. Stjórnarformaður hefur tekið þátt í þessu en lítið getað sinnt því vegna annarra verkefna.
 - d. Norrænt samstarfsnet um lífsiðfræði. Haldin var tveggja daga ráðstefna í Helsinki 9.-10. júní.
 - e. Cost: CHIP me. Forstöðumaður sótti fyrsta fund verkefnisins var haldinn í Aþenu 28.-30. apríl, en verkefnið hófst formlega í nóvember á síðasta ári.
 - f. POP-Gen: fyrsti fundur verður haldinn í október í samstarfi við norrænu lífsiðfræðinefndina
 - g. Verkefni um sjálfræði barna með Stofnun Ármanns Snævarr er komið nokkuð vel á veg og vinnur meistaranemi að ritgerð um efnið.
 - h. Samþættingarverkefni. Gerð stuttlega grein fyrir stöðu verkefnisins.
 - i. Hvalaverkefni. Gerð stuttlega grein fyrir stöðu verkefnis.

6. *Málþing og útgáfa*
 - a. Haldnar voru tvær hádegismálstofur um álitæfni í heilbrigðisþjónustu í samstarfi við Læknadeild HÍ á vormisseri. Önnur um notkun erfðaupplýsinga í heilbrigðisþjónustu og hin um réttlæti í heilbrigðisþjónustu. Báðar málstofurnar tókust vel.
 - b. Gerð grein fyrir stöðu bókarinnar *Hugsað með Vilhjálmi* sem kemur væntanlega út í lok árs.
 - c. Jón Bragi Pálsson sem skrifaði grein um Macmurry til heiður Gunnari Ragnarssyni hélt fyrirlestur um efnið hjá Félagi áhugamanna um heimspeki 24. maí s.l. þegar Gunnar var gerður að heiðursfélaga þess.
 - d. Haldin var málstofa um hagnýtta siðfræði á Hugvísindapíngi og munu erindin verða gefin út í Hug, tímariti um heimspeki.
 - e. Formaður og forstöðumaður gerðu grein fyrir fundi um heilindi í rannsóknnum sem haldinn var af Nordforsk í Osló 9. apríl s.l. Til stendur að fylgja þeim fundi eftir hér á landi þegar skýrsla NordForsk um efnið verður birt.

7. *Ársfundur og önnur verkefni næsta starfsár*
 - a. Fjallað um hentugan tíma fyrir ársfund Siðfræðistofnunar í haust.
 - b. Lagt fram viðburðadagatal fyrir næstu mánuði en talsvert margt er fyrirhugað á næstu mánuðum.
 - c. Rætt um hugmyndir að málþingum og fyrirlestrum, m.a. var rætt hvort ekki væri kominn tími á fyrirlestra eða málþing um viðskiptasiðfræði eða náttúrusiðfræði. Einnig kom til tals að halda málstofur þar sem þeir sem lokið hafa MA námi í hagnýtri siðfræði kynni efni lokaritgerða.

Fundi slitið 14:45.

S.N.